

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**13. febrúar 2024**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um fjölgun uppbyggingarsvæða í Reykjavík**

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags með hliðsjón af aukinni eldvirkni í námunda við höfuðborgarsvæðið. Endurskoðuð verði vaxtarmörk borgarinnar með það fyrir augum að útvíkka afmörkun þéttbýlis innan Reykjavíkur. Jafnframt verði skilgreining aðalskipulags á uppbyggingarreitum fyrir nýja íbúðabyggð endurskoðuð, meðal annars svo unnt verði að auka íbúðamagn á Kjalarnesi og tryggja möguleika á nýrri byggð á svæðum aðliggjandi Sundabraut.